

Fimmtudaginn 21. júlí 1994.

Nr. 322/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Birni Kristjánssyni

(Óskar Thorarensen hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 17. júlí 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en rannsókn þess sé vel á veg komin. Hefur ekki verið sýnt fram á, að skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 séu fyrir hendi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. júlí 1994.

Björn Kristjánsson, kt. 120133-4709, Bröttukinn 7, Hafnarfirði, er grunaður um brot gegn 22. kafla almennra hegningarlaga með því að hafa framið kynferðisbrot gegn tveimur stúlkubörnum, fæddum árið 1988 og 1987. Í kröfu um gæsluvarðhald kemur fram, að kærði hafi verið handtekinn síðdegis 16. þessa mánaðar á heimili sínu og færður til yfirheyrslu.

Við yfirheyrslu hefur kærði kannast við að hafa hitt umræddar telpur á leikvelli í grennd við heimili sitt. Þegar á heimili hans var komið, hafði hann boðið þeim inn í kjallaraherbergi, en samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir, er ekki ljóst, hvað þar gerðist, og stangast framburður stúlkanna og framburður kærða á um þau atriði, sem til rannsóknar eru í máli þessu.

Ljóst er af gögnum málsins, að grunsemdir eru uppi um það, að maðurinn hafi brotið gegn ákvæðum 22. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki ljóst, hvaða greinum kaflans, þó að telja megí líkur á því, að hugsanlega sé um að ræða brot á 202. og 200. gr. hegningarlaganna. Með því að hætta þykir á, að kærði kunni að torvelða rannsókn málsins, verði hann látinn laus, ber skv. a-lið 1. mgr. oml. að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann skuli sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 25. þessa mánaðar kl. 16.00.

Við ákvörðun gæsluvarðhaldstímans hefur dómari hliðsjón af því, að í kröfu rannsóknarlögreglu um úrskurð þennan kemur fram, að rannsókn máls þessa sé á frumstigi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Björn Kristjánsson skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mánudagsins 25. júlí nk. kl. 16.00.
